


Hugleiðing um Ísland og framtíðina XVI



1. Vatnajökulsþjóðgarður og jákvæð byggðaáhrif

2. Fremur nýtilkomin viðskiptatækifæri

Samantekt 2 – **1. Vatnajökulsþjóðgarður og jákvæð byggðaáhrif** 3 - Inngangur 3 -
Byggðapróun 3 - Gæti Vatnajökulsþjóðgarður skipt máli? 3 - Spurning með Íslendinga 4 - Undir
viðara sjónarhorni 4 - Hvað með flutning til Íslands? 5 - Breyting aðdráttarafls 5 - Hugsanlegur
prófill 5 - Þróun búsvæða 6 - Engin er rós án... 7 – Að lokum 8 – **2. Fremur nýtilkomin
viðskiptatækifæri** 8 – Um höfund 10

Samantekt

Vatnajökulsþjóðgarður og jákvæð byggðaáhrif

Á undanförunum **áratugum** hefur mikill fjöldi **fólks** flutt frá **landsbyggðinni** til **höfuðborgarsvæðisins**. Þetta veldur mörgum **áhyggjum** og leita menn leiða til að **snúa málum** til jákvæðari vegar. Í þessu riti er spurt hvort **Vatnajökulsþjóðgarður** geti haft áhrif á **þróunina**? **Ekkert bendir til** að þjóðgarðurinn, hinn stærsti í Evrópu, muni hafa víðtæk **áhrif** á **Íslendinga** sem vilja **búa** í nálægð við **ósnortna náttúru**. Mikið er t.d. af **náttúrusvæðum** nærri **höfuðborginni**, svo að þjóðgarðurinn **breytir varla** stöðunni mikið hjá þeim.

Það **segir ekki allt**, enda heimurinn stór. Stærsti þjóðgarður Evrópu verður **einstakur** vegna stærðar og náttúrufars, og mun með tímanum verða töluvert **þekktur**. Tilvist hans verður **sönnun** þess að **ósnortna náttúru** er að finna á þessu svæði, og mun **aðdráttarafl** svæðisins **aukast mjög** hjá fólki **erlendis** sem hefur **áhuga** á verndun náttúrunnar og **hreinu umhverfi**. Um og yfir **90% íbúa** í **Bandaríkjunum** og í löndum **Evrópu** lýsir **stuðningi** við slík viðhorf.

Viss hópur fólks er á hverjum tíma **áhugasamt** um að **flytjast** frá **þéttbýlisstöðum**, með mengun, hávaða og þrengslum, **til svæða** þar sem það er **nær náttúrunni** og mannlíf er **rólegra**. Nokkur dæmi um slíka staði væru Montana, Wyoming og Nýja-England í Bandaríkjunum, og svæði til sveita í Frakklandi og Ítalíu. Vel gæti verið að **vissir einstaklingar** hefðu áhuga á að **flytjast** til **Íslands** og setjast að á **svæðum nálægt** stærsta **þjóðgarði** Evrópu. Þeir þyrftu að vera fremur **vel stæðir** vegna **verðlags** á Íslandi, og væru þeir því ekki á höttum eftir lágu verði eða sól og hita. **Hugsanlegur “prófill”** á þessu fólki er talinn upp í **textanum**.

Erfitt er fyrir **lítill sveitarfélög** að **markaðssetja** sig **erlendis**, en hugsanlega væri best að beina sjónum að þeim sem koma sem **gestir** inn á svæðið, og láta ráðast hvernig gengur. **Miklu máli** skiptir fyrir **búsvæði** á landsbyggðinni, sem hefðu **áhuga** á slíkum nýbúum, að þau **geri sér grein** fyrir **kostum** og **göllum** málsins, hvað þau **vilja** og hvað þau hafa að **bjóða**. Það er grunn atriði að nýir íbúar greiði **útsvar**, sem þó er **ekki** fyrirfram **öruggt**. Ef vel gengur getur **nýr íbúi** skilað **mun meira** af sér til **samfélagsins** en **ferðamaður** sem staldrar við í **nokkra daga**.

Fremur nýtilkomin viðskiptataækifæri

Viðskiptataækifæri tengd ósnortinni náttúru Íslands eru fremur **nýtilkomin**. Hefðbundnar **auðlindir lands og sjávar** hafa verið **þekktar** í meira en **1000 ár**, menn hafa gert sér grein fyrir **tækifærum** til **raforkuframleiðslu** í **100 ár**, en það er aðeins á síðustu **5-10 árum** sem mönnum hefur orðið endanlega **ljóst** að **stórbrotin náttúra** landsins er **auðlind**. Veldur þar **uppgangur ferðaþjónustunnar**, sem hefur verið ýmist í **2. og 3. sæti** yfir greinar sem skila mestum **gjaldeyrstekjum**. **Virkjanir** eru því **ekki** lengur **einar** um að sækjast eftir **gæðum** á **hálendinu**. **Ferðaþjónustan** nýtur þeirra líka, og byggir **afkomuna** á því að þau séu **ósnortin** að mestu.

Það er því **erfitt** að gera öllum til **hæfis** og **málamiðlanir nauðsynlegar**. Það er **galli** hve mikið **deilur** hafa sett svip sinn á þessi **mál**.

Sá mikli **fjöldi fólks** í Evrópu og Norður-Ameríku sem hefur **áhuga** á **náttúruvernd** og umhverfismálum getur **opnað fleiri tækifæri** í **fram tíðinni** en nú eru nýtt.

1. Vatnajökulsþjóðgarður og jákvæð byggðaáhrif

Inngangur

Væntanlegur Vatnajökulsþjóðgarður mun, ásamt aðliggjandi friðlýstum svæðum, verða stærsti klasi slíkra svæða og jafnframt verður þjóðgarðurinn sem slíkur sá stærsti í Evrópu. Svæðið mun verða ákveðinn miðpunktur athygli vegna stærðar, sérstöðu og stórkostlegra náttúrufyrirbrigða. Vænta má að það muni eiga við bæði á Íslandi og ekki síður erlendis. Þarna verður stærsti jökull Evrópu, fimm virkar eldstöðvar sem gusu á 20. öld, jökulár, fjöll, sandar og hálendisvinjar.

Byggðaþróun

Á undanförunum áratugum hefur þróunin verið sú að fólk hefur flust frá landsbyggðinni og til höfuðborgarsvæðisins. Er svo komið að margir tala um að sumar byggðir séu að leggjast í eyði, og eru eðlilega áhyggjufullir útaf því. Leitað hefur verið að ráðum til að stemma stigu við þessu. Til dæmis hefur verið vonast til að fjarvinna, með tilkomu Netsins, geti gefið kost á að fjölga störfum á landsbyggðinni. Væntanlegt álver við Reyðarfjörð mun einnig færa mörg störf inn á þann stað. Það er ánægjuleg þróun.

Þessi þróun á landsbyggðinni er ekkert einsdæmi á Íslandi. Hún þekktist í fleiri löndum, til dæmis í Bretlandi. Þar er öðru vísi um að litast í sveitum frá því sem áður var, og rætt er um að rómantíska England með litlum sveitabýlum sem leggja stund á blandaðan búskap muni aldrei snúa aftur.¹

Gæti Vatnajökulsþjóðgarður skipt máli?

Ástæða þess að fólk flyst er sögð vera sú að í borginni er meira við að vera, fjölbreytilegri afþreying og meira framboð af sérhæfðari störfum. Séð frá sjónarhóli Íslendinga er mikið af fólki, og þá sérstaklega ungu fólki, sem hefur séð ástæðu til að búa frekar í Reykjavík eða jafnvel erlendis en í heimahögum.

Gæti væntanlegur Vatnajökulsþjóðgarður breytt einhverju um það hvaða aðdráttarafli svæðin nálægt þjóðgarðinum hefðu varðandi búsetu? Ekkert er hægt að fullyrða um slíkt enda hafa engar beinar rannsóknir farið fram á því, og jafnvel gætu slíkar athuganir ekki gefið öruggt svar fyrirfram. Höfundur ætlar þó að leyfa sér að setja hér fram hugleiðingu um nokkur atriði.

¹ Sjá til dæmis greinina “An elegy for the UK countryside” á vefnum www.bbc.co.uk (nota má leitarvél vefsins til að finna greinina).

Spurning með Íslendinga

Íslendingar búa í landi þar sem er hátt til himins og vítt til fjalla, og tiltölulega ósnert umhverfi er í seilingarfjarlægð frá öllum þéttbýliskjörnum. Í innan við klukkutíma fjarlægð frá langstærsta þéttbýlinu, höfuðborgarsvæðinu, eru mörg útivistarsvæði þar sem fólk getur tengst náttúrunni: Krísuvík og Keilir, Bláfjallafólkvangur, Heiðmörk, Hengill, Þingvellir, Esjan og Hvalfjörður. Sama má segja um aðrar byggðir á landinu.

Af þessu dregur höfundur þá persónulegu ályktun að hann ekki sé hægt að halda fram að tilkoma Vatnajökulsþjóðgarðs muni hafa afgerandi áhrif á Íslendinga, þannig að straumur fólksflutninga, nettó, snúist við og fleira fólk flytji til þessara svæða frá höfuðborginni, en frá þeim til borgarinnar. Auðvitað mun eitthvað verða um það, í samræmi við þá þróun að fólk á höfuðborgarsvæðinu er í auknum mæli að kaupa sér jarðir eða hús utan höfuðborgarinnar.

Undir víðara sjónarhorni

Með því er ekki öll sagan sögð. Á meginlandi Evrópu, einkanlega í stórborgum býr fólk við meiri þrengsli, mengun og hávaða en t.d. á landsbyggðinni hér á landi. Áhugi meðal almennings á umhverfismálum hefur til skamms tíma gjarnan verið meiri þar en hér á landi. Þetta er skiljanlegt þar sem ofangreind vandamál kreppa mun harðar að á þétt byggðum svæðum. Mengun grunnvatns og loftmengun, vandamál varðandi notkun kjarnorku og brennslu kolefnisorkugjafa til raforkuframleiðslu, og vandamál vegna losunar á sorpi svo dæmi séu tekin eru, í augum einstaklinganna, meira aðkallandi þar en hér.

Viðhorfsrannsóknir meðal almennings á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum hafa sýnt mjög mikinn áhuga á umhverfismálum, verndun óspilltra náttúrusvæða og upplifun slíkra svæða í frístundum. Þannig virðist nálægt 90% almennings beggja vegna Atlantshafsins vera áhugasamir um verndun óspilltra náttúrusvæða eða hafa áhyggjur af því að slík séu að eyðast. Um 75% svarenda í könnun í Bandaríkjunum lýsti yfir að áhugi þeirra á að upplifa beinlínis slík svæði væri að aukast.²

Það er svo að alltaf er viss hópur fólks tilbúinn að flytja búferlum frá þrengslum, mengun og hávaða til að lifa rólegra lífi þar sem mannfjöldi er minni og mengun einnig. Þar er mannlíf oft “þægilegra” og minna um glæpi.

Þetta birtist til dæmis í því þegar einstaklingar í Bandaríkjunum flytja til Montana eða Wyoming, hús í Arizona, New Mexico eða í Nýja Englandi t.d. í Maine. Í Evrópu kaupir fólk sér hús í dreifbýli á Írlandi, í Frakklandi, í Toscanahéraði á Ítalíu eða í grísku þorpi, svo dæmi sé nefnt. Líklega er ýmist um að ræða að fólk flytji alfarið eða eigi sér annað heimili eða sumarhús. Þetta er fólk sem er mismunandi efnu búið, og kaupa sér húsnaði eftir getu.

² Jolma, Dena Jones: Attitudes Toward the Outdoors, an annotated bibliography of U.S. survey and poll research concerning the environment, wildlife and recreation, (Rannsóknir #611, 612, 613). McFarland & Co., 1994. og Eurobarometer 43.1 bis; Europeans and the environment, graf 2.2, rannsókn unnin af INRA (Europe) - E.C.O. European Commission, Directorate General "Environment, Nuclear Safety and Civil Protection", nóvember 1995. Þessar rannsóknir eru að vísu ekki nýjar en höfundur hefur ekki séð nein merki þess að viðhorf hafi breyst svo mjög á þessum tíma.

Hvað með flutning til Íslands?

Í tölunum að ofan má sjá að almennur áhugi er mikill á þessum málum. Það má því gera ráð fyrir að til sé fólk í þessum fjölda sem hefur ekki aðeins nokkurn heldur verulegan áhuga á málaflokknum, og það jafnvel svo að því þætti æskilegt að lífstíll þeirra og aðstæður væru í samhljóð við þessi gildi. Fyrir þetta fólk myndi tilkoma Vatnajökulsþjóðgarðs breyta yfirbragði og aðdráttarafl svæðisins. Svæðin í nálægð stærsta þjóðgarðs Evrópu með mörgum friðuðum svæðum umhverfis (samtals tólf talsins) væru líklega meðal þeirra fáu staða í Evrópu þar sem einna mest væri að finna af ósnortnu umhverfi, hreinleika, víðáttu og hugsanlega frið og ró. Þjóðgarðurinn myndi bera höfuð og herðar yfir aðra slíka í Evrópu og væri jarðbundin sönnun fyrir slíkum gæðum í miklu magni.

Gæti eitthvað af þessu fólki hugsað sér að flytja búferlum til svæðanna umhverfis hinn væntanlega þjóðgarð? Hvers vegna ekki? Það er í sjálfu sér enginn grundvallar munur á því að flytja til landsbyggðarinnar á Írlandi eða á Íslandi. Fyrir þá sem eru ekki á höttunum eftir sól og hita, en hafa áhuga á því að lifa nærri náttúrunni og í umhverfi af því tagi sem lýst er hér að ofan, gæti svæðið orðið eftirsóknarverðara þegar þjóðgarðurinn yrði smám saman þekktur á meginlandinu.

Breyting aðdráttarafls

Ef heildarmyndin er skoðuð frá sjónarhól Íslands hefur aukið aðdráttarafl höfuðborgarinnar þýtt flutninga fólks þangað frá landsbyggðinni. Sé heildarmynd Vestur-Evrópu skoðuð gæti þetta hins vegar þýtt að svæðin kringum Vatnajökul, á norð-austurlandi, austurlandi og austurhluta suðurlands, yrðu áhugaverðari og aðdráttarafl þeirra myndi aukast í augum þess fólks sem hefur verulegan áhuga á þessu sviði, vegna nálægðarinnar við hinn nýja stærsta þjóðgarð Evrópu ásamt aðliggjandi náttúrusvæðum sem sum hver væru friðuð einnig.

Í stuttu máli, hjá Íslendingum frá umræddum svæðum til höfuðborgar, en á meginlandinu frá þéttbýlinu þar til umræddra svæða á Íslandi.

Hugsanlegur prófill

Hvers konar fólk gæti þarna verið um að ræða? Hér reynir höfundur að “skjóta á” hver einkenni þess gætu verið. Lesandi getur þurrkað út atriði eða bætt við frá eigin brjósti, enda er ekki til neitt rétt svar á þessari stundu hvað myndi einkenna fólk sem kannski myndi fá aukinn áhuga á að setjast að hér í námunda við hinn merkilega þjóðgarð í faðmi náttúru og friðar. Það sem gæti einkennt þetta fólk er...

- Þetta væri fólk sem legði mikið upp úr óspilltri náttúru umhverfimalum og vildi að þeim væri vel sinnt. Það væri líklegt til að vera “góðir borgarar” að þessu leiti. Þetta væri megin ástæða þess að það hefði áhuga á að flytjast til þessa svæðis, enda úr nægum öðrum stöðum að velja í álfunni.
- Þetta væri fólk sem vildi fremur vera út af fyrir sig í friði og ró.
- Þetta væri fólk sem hneigðist að útivist og beinni upplifun ósnortinnar náttúru.

- Þetta gæti verið fólk sem hafi hrifist af þeirri staðreynd, að Ísland er í dag talinn “heitur” staður og í tísku erlendis. Hins vegar getur öll tíska sveiflast og erfitt að segja í hvaða álitni Ísland verður eftir 10 ár.
- Ekki er víst að það sæktist eftir að búa í þéttbýliskjörnum á þessu svæði þó það gæti verið svo, og myndist kannski ekki tiltökumál að keyra hálf tíma til þéttbýlis, enda miklu meiri vegalengdir þekktar á meginlandi Evrópu. Um leið er ekki víst að það sæktist eftir heilum bújörðum.
- Aðflutningur erlends fólks, svokallaðra nýbúa, hefur aukist á undanförunum árum, og talar fólk í jákvæðum tón um fjölmenningsamfélag. Nýbúar hafa í talsverðum mæli starfað við fiskvinnslu og ýmsa þjónustu, við störf sem hvíslað er að Íslendingar vilji ekki vinna. Það fólk sem flytti hingað vegna náttúrugaða væri líklegra til að vera betur menntað og betur stætt fjárhagslega, sem gæti t.d. opnað áhugaverð tækifæri fyrir húsasmiði á þessum svæðum.
- Ástæða þess að fólk þyrfti að vera nokkuð vel stætt til að halda samt sómasamlegum lífsstíl er sú að Ísland er talið fremur dýrt land, einkanlega matvæli og áfengi. Fólk sem flytur t.d. til Miðjarðarhafssvæða nýtur þar lægra verðlags en í norðanverðri Evrópu. Fólk sem hingað kæmi væri því ekki fyrst og fremst að leita að lágu verðlagi.
- Þetta fólk væri ekki endilega í leit að vinnu hér þó um það væri auðvitað að ræða í mörgum tilvikum, en gæti tekið starfið sitt með sér hingað.
- Þetta væri fólk sem væri gjarnan í þeirri stöðu að það gæti, vegna starfs síns og/eða þjóðfélagsstöðu, flutt til svæða sem væru fjarri stórborgum Evrópu. Sem dæmi mætti nefna rithöfunda, fræðimenn, listamenn, ráðgjafa og aðra sem ynnu þess háttar vinnu að sími, fax og háhraða internettenging væru nægileg til að halda því “í sambandi” frá degi til dags. Eins gæti verið um að ræða fólk sem þyrfti einfaldlega ekki að vinna vegna góðrar fjárhagsstöðu.
- Þetta fólk gæti orðið mikilvæg viðbót við vinnuafl á svæðinu, sérstaklega ef það hefði menntun og reynslu sem opnaði nýjar dyr.
- Útilokað er að segja hvaða fjöldi þetta gæti verið á endanum. Fremur lítill fjöldi á evrópskan mælikvarða gæti verið mikilvæg viðbót nýrra íbúa.

Þróun búsvæða

Mönnum úti í hinum stóra heimi verður það æ betur ljóst að ekki aðeins framleiðsluvörur og fyrirtæki geta gengið í gegnum skeið uppbyggingar, stöðugleika og hnignunar, heldur gerist það einnig iðulega um byggðarlög. Byggðarlög eru farin að móta sér stefnu í atvinnumálum og líkum málum, ekki aðeins með tilliti til þess að auka hagvöxt heldur einnig til að hamlar hnignun. Þau keppa ekki aðeins um að fá til sín tiltekna atvinnustarfsemi, til dæmis verksmiðjur eða hátækni og hugbúnað sem þó er ekki heiglum hent að laða til sín, heldur keppa þau einnig um að laða til sín rétta fólknið sem er grundvöllur þess að laða til sín þá atvinnustarfsemi sem óskað er eftir. Í þessum tilgangi er oft mikið lagt undir, enda mikið í húfi. Á ensku nefnist þetta “place marketing”, enda snýst þetta um að markaðssetja svæðið á réttan hátt.³

Augljóst er að landsbyggðin hefur á síðustu áratugum mátt glíma við hnignun varðandi fólksflutninga og það að halda uppi íbúafjölda, og markast umræðan oft af

³ Sjá t.d. *Marketing Places, How To Attract Investment, Industry, Tourism and Residents to Cities, Areas and Nations*, eftir Philip Kotler et.al., útgefandi Free Press (Macmillan), 1993.

því. Væri hægt að laða til sín fólk til þessara svæða, á þeim grundvelli sem að ofan er lýst? Mikilvægt er að skilja hvaða fólk þetta væri og hverjar þarfir þess væru. Þetta ætti bæði við um umhverfisþarfir og þarfir varðandi opinbera þjónustu. Væri þetta barnafólk eða fólk sem hefði komið börnum á legg? Það skiptir t.d. máli varðandi þörfina á rekstri skóla. Líklega væri best að miða við fólk sem vill þær aðstæður sem fyrir hendi eru.

Höfundur er ekki sérfræðingur varðandi skattaleg mál og annað slíkt, en augljóslega væri mestur akkur í því fyrir þessar byggðir að skattar og útsvar væru greidd hér, og hugsanlega aðal málið. Ljóst má vera að nýir íbúar af ofangreindum toga geta skilað mun meiru til samfélagsins en ferðamenn sem staldra við í fáeina daga, þó þeir séu mjög mikilvægir einnig. Talað er um að þróunin hérlendis sé í átt til lækkunar tekjuskatta, sem gæti gert landið eftirsóknarverðara í þessu tilliti. Hinsvegar verður aðfluttum að finnast að þeir fái eitthvað í staðinn fyrir skattpeningana.

Ef búið væri að móta stefnu á þessu sviðið, hvernig mætti þá standa að markaðssetningu? Það er ekki einfalt mál að koma á framfæri möguleikum á búsetu til “rétttra” einstaklinga sem gætu haft áhuga á slíku í stórum löndum beggja vegna hafsins. Hvað varðar kynningarmál hafa þessi byggðarlög varla efni á því að fara út í auglýsingaherferðir af því tagi sem byggðarlög og svæði erlendis fara stundum út í. Kannski væri skynsamlegast að reyna að beina skilaboðum að þeim tugþúsundum sem koma sem gestir, þ.e. ferðamönnum, enda væru þeir augljóslega áhugasamir um svæðið. Eins mætti með tímanum reyna að fá fjölmiðlaumfjöllun erlendis. Svo yrði að láta ráðast hvernig gengi, en þetta yrði eflaust ferli sem tæki tíma.

Engin er rós án...

Engin er rós án þyrna. Viðleitni sem skilar árangri í að koma á tiltekinni þróun af þessu tagi hefur stundum í för með sér hliðar sem hluta íbúa líkar ekki við. Stundum getur afstaða orðið það neikvæð að það myndast andstaða við breytingarnar, sem á ensku nefnist “antigrowth sentiment.” Nýjum íbúum fylgja ný viðhorf, einkanlega ef þeir koma erlendis frá, og stundum gætu þau komið mönnum spáskt fyrir sjónir. Einnig hefur það sums staðar gerst að nýjum íbúum hafa fylgt kvaðir um viðbótar fjárútlát til gatnagerðar, skólabygginga og annarrar þjónustu, án þess að tilsvarendi tekjuaukning hafi skilað sér á móti. Þess vegna er sérstaklega mikilvægt að greiðsla á útsvari og sköttum komi frá nýjum íbúum.

Í þessu tilliti er vert að benda á að byggðarlög reyna ekki aðeins að laða að sér fólk, fyrirtæki o.s.frv. heldur reyna þau stundum að beita ákveðnum aðgerðum sem miða að því að halda í burtu fólki sem þau sjá sér minni hag í að flytji til byggðarlagsins. Megin málið er því að heimamenn viti hvað þeir vilja í þessum efnum og reyni að stefna að þeim, (hvernig sem tekst svo að ná þeim markmiðum). Hér er ekki ætlun höfundar að mála Grýlu á vegginn, en það er rétt að taka fram að það geta verið nokkrar hliðar á hverju máli.

Ef vel tekst til gæti þessi þróun mála orðið mikil lyftistöng fyrir byggðirnar og jafnvel orðið sá þáttur sem náí að snúa óheillavænlegri þróun á rétta braut. Þegar öllu er á botninn hvolft er álíka mikið mál að útlendingar flytjist hingað eins og þegar Íslendingar flytja erlendis.

Að lokum

Hér með er þessari hugmynd komið á framfæri. Nægur tími er til stefnu fyrir fólk að velta henni fyrir sér, en búast má við að þjóðgarðurinn fari að geta sér frægðarorð á næstu árum. Áhugavert væri að fá athugasemdir við þessu, og eru upplýsingar um höfund aftast.

2. Fremur nýtilkomin viðskiptatækifæri

Tækifæri til auðgunar sem tengjast rómantískum og fagurfræðilegum gildum ósnortinnar náttúru Íslands eru frekar nýtilkomin, til þess að gera. Þau tengjast beint áhuga hjá almenningi á Vesturlöndum á náttúruvernd og umhverfismálum.

Náttúruverndarhugsjónir eru ekki nýjar. Talað er um að þeirra hafi fyrst farið að gæta snemma á 17. og 18. öld, í kjölfar eyðileggingar á náttúrunni í nýlendum. Sumir telja að fyrsti meðvitaði náttúruverndarsinninn hafi verið enski hagfræðingurinn og mannlífsrýnirinn Thomas Malthus (1766-1834), en í verkum hans var bent á hættur sem fylgdu óheftum vexti umsvifa. Fyrir aldamótin 1900 varð vakning á sviði náttúruverndar í Bandaríkjunum, á svipuðum tíma og fyrstu þjóðgarðar voru stofnaðir, á borð við Yellowstone. Umhverfismál styrktust þó fyrst verulega í sessi á 7. og 8. áratug tuttugustu aldar. Í kjölfar þessa jókst mjög áhugi almennings á málaflökknum svo og á verndun og upplifun þeirra ósnortnu náttúrusvæða sem enn mátti finna.

Þetta er augljóslega ástæða mikillar aukningar í ferðaþjónustu á Íslandi. Þó að almenningsferðaþjónusta hafi aukist mjög á árunum eftir seinni heimsstyrjöldina sýna viðhorfsskannarir að það er fyrst og fremst náttúra landsins sem laðar ferðamenn til þessarar hrjóstrugu eyju í norðri með sínu sviptingasama veðurfari.

Hagur þjóðarinnar af því sem grær á landinu, þeim skepnum sem á því lifa og af fiskinum í sjónum hefur verið ljós í meira en 1.000 ár. Í um 100 ár hafa Íslendingar haft vitneskju um þann auð sem má beisla í fallvötnum til að framleiða raforku. Bæði atriði eru orðin rótgróin, og eru talin vera tvær meginauðlindir hérlendis af sumum.

Tækifæri sem tengjast beint náttúrufegurð fóru hins vegar ekki að braggast verulega fyrir en fyrir um 25 árum, og það var fyrst á síðust 5-10 árum að ljóst varð að ferðaþjónustan væri orðin ein mikilvægasta uppspretta erlendra gjaldeyrstekna. Hafa ferðaþjónustan og stóriðjan skipst á að vera í 2. eða 3. sæti undanfarið. Stórbrotin náttúran er ekki orðin jafn rótgróin í vitund þjóðarinnar sem auðlind, en varla er hægt að neita því að hún er orðin þriðja auðlindin, þegar þróunin og tölurnar eru skoðaðar.

Áður voru vatnsaflsvirkjanir einar um að óska aðgangs að auðlindum á hálendinu, fyrir utan sauðkindurnar. Með þessu er hins vegar kominn nýr samkeppnisaðili sem ekki var mönnum eins ljós á sjöunda og áttunda áratugnum þegar virkjanir við Búrfell, Sigöldu og Hrauneyjafoss voru byggðar. Þessi nýi samkeppnisaðili er sprottinn af áhuga fólks á umhverfisvernd, og sá áhugi felur í sér ósk um sem minnsta röskun á viðkvæmri náttúru hálendisins, meðal annars vegna hagsmuna ferðaþjónustu.

Átök hafa orðið, það verður að segjast, þó aðeins sé barist með orðum og atferli, blaðagreinum, mótmælagöngum og -fundum, og jafnvel ljóðaupplestri. Virkjanamenn hafa brugðist við, enda að verja sinn hag sem búast má við í viðskiptasamkeppni. Önnur ástæða öflugheita sumra gagnvart umhverfisverndarmálflutningi er sú að hvað varðar verðmætasköpun er hugsunin ólík. Verðmæti orkuvinnslu eru reiknuð út af verkfræðingum meðan að hugsanleg verðmæti byggð á óspilltri náttúru eru reiknuð út af ferðamála- og markaðsfræðingum. Þeir tala ekki alveg sama tungumál, og kannski hafa þeir fyrrnefndu minna álit á þeim síðarnefndu. Verðmæti byggð á náttúrunni eru síðar tilkomin. Þau skila ekki í dag því sem þau gætu kannski skilað síðar þegar mál hafa þróast enn lengra. Þriðja ástæðan gæti verið sú að umhverfisverndarsamtök hafa oft haft á sér nokkurn vinstri stimpil pólitískt séð. Þetta kann að hafa haft áhrif á afstöðu sumra hægri- og miðjumanna til málefnisins sem slíks. Í dag er áhuginn á umhverfis- og náttúruvernd sterkur meðal almennings og fer síður eftir stjórnmalastefnum, enda mönnum að verða betur ljóst mikilvægi umhverfisverndar.

Umhverfismálin setja ýmiskonar starfsemi vissulega skorður, en hin hliðin á peningnum, bókstaflega talað, er að þessi þróun mála opnar líka tækifæri. Hugsjónir íslenskra náttúruverndarsinna, eru bein endurspeglun hugsjóna erlendra náttúruverndarsinna. Það getur verið uppspretta geysimikilla tækifæra í ljósi þess að Ísland á einn stærsta og merkilegasta hluta þeirrar ósnortnu náttúru sem eftir er í Evrópu, og að náttúruverndarsinnar þar eru firna stór hópur með mikinn samanlagðan kaupmátt. Rekstrarhagfræðilega séð er þetta mjög svipað því og þegar lítið ríki hefur yfir að ráða stórum olíuauðlindum, sem er önnur vara sem mikil eftirspurn er eftir en framboð takmarkað. Spurningin hvernig megi nýta hana sem best.

Umræða um náttúruvernd hefur oft snúist um virkjanir. Deilur um Kárahnjúkavirkjun voru harðar. Höfundur finnst að það ætti að vera hægt að á samkomulagi í meiri friði og sátt, en þá verða báðir aðilar að vera tilbúnir til málamiðlana. Höfundur er ekki beint á móti Kárahnjúkavirkjun og trúir því ekki að hún og álverið í Reyðarfirði muni hafa grundvallandi neikvæð áhrif á ímynd Austurlands, þó að viss hluti fólks verði lítt hrifin. Þessu myndu margir vilja mótmæla. Þetta er skoðun höfundar þó að hann hafi sett fram náttúruverndarhugmyndir sem voru meðal þeirra stærstu sem Vestur-Evrópa hefur nokkru sinni séð, sem á móti hafa eflaust farið í taugarnar á einhverjum. Í þessu er erfitt að gera öllum til hæfis. Höfundur telur æskilegt að ná fram jafnvægi í þessum málum, og hafa í heiðri virðingu fyrir skoðunum annarra í lýðræðissamfélagi. Málsháttur frá Indónesíu segir “opið hjarta finnur þúsund leiðir, en lokað hjarta finnur þúsund hindranir.” Í þessu er stærri sannleikur en maður kannski gerir sér grein fyrir í fyrstu. Engin lausn er fullkomin, það er rétt að hafa það í huga.

Um höfund

Sverrir Sv. Sigurðarson er viðskiptafræðingur Cand. Oecon. Frá árinu 1992 hefur hann velt fyrir sér markaðsmálum Íslands á sviði ósnortinnar náttúru, og því hvernig sterkari ímynd landsins á sviði óspilltrar náttúru gæti styrkt stöðu ákveðinna atvinnugreina. Hann setti fram eigin hugmyndir um stofnun stórs friðaðs svæðis eða þjóðgarðs með því sértæka skrefi að friða Vatnajökul, á árunum 1995 til og með 1998. Yrði það hið stærsta í Vestur-Evrópu. Á þeim árum var hann sá eini sem kom á framfæri nýjum hugmyndum og röksemdum fyrir slíkri aðgerð. Hann benti einnig á hvernig náttúruverndarsvæði og virkjanir ættu að geta lifað saman í þokkalegri sátt. Skrif höfundar frá þeim tíma og kynningu á öðrum verkum er að finna á vefnum www.sssig.com. Hefti þetta inniheldur sjálfstæðar skoðanir höfundar og er komið á framfæri án endurgjalds sem hluti af almennri umræðu.

Fyrri skrif:

- I. Blaðgrein vegna hugmynda þá um lagningu raflínu yfir Ódáðahraun, 1993.
- II. *Fyrirspurn til dr. Jóhannesar Nordal*, blaðgrein, september 1994.
- III. Iceland's image in tourism, fyrirspurn til 30 erlendra hótelfyrirtækja, september 1994.
- IV. *Hugleiðing um Ísland og framtíðina: Friðun, leið að bættum hag?*, blaðgrein 1, janúar 1995.
- V. *Hugleiðing um Ísland og framtíðina: Friðun, leið að bættum hag?*, blaðgrein 2, janúar 1995.
- VI. *Hugleiðing um Ísland og framtíðina: Friðun, leið að bættum hag?*, blaðgrein 3, janúar 1995.
- VII. *Nánari skýringar við hugleiðingu um Ísland og framtíðina*, dreifirit, janúar-febrúar 1995.
- VIII. *Möguleiki á framkvæmd*, dreifirit, apríl 1995.
- IX. *Um sæstreng*, dreifirit, september 1995.
- X. *Ísland: Friðlýst náttúra og umheimurinn*, verðlaunatillega í samkeppninni Ísland árið 2018, september 1996.
- XI. *Landnýting og orka*, verðlaunaritgerð í Visbendingu, apríl 1997.
- XII. *Um skipulag hálendis Íslands og alþjóðlegt samhengi*, blaðgrein, nóvember 1997.
- XIII. *Náttúra Íslands og viðskiptalíf*, grein í greinasafninu Hugmyndir, desember 1998.
- XIV. *Um viðhorf Íslendinga til virkjanamála og náttúruverndar: Hugmynd að greiningu*, dreifirit, febrúar 2001.
- XV. *Ahrif Vatnajökulsþjóðgarðs á þjóðarbúið*, dreifirit, september 2004.
- XVI. *Vatnajökulsþjóðgarður og jákvæð byggðaþróun og Fremur nýtilkomin viðskiptatækifæri*, október 2004.
- XVII. *Ávinningur orku- og stóriðjuverkefna framtíðarinnar af Vatnajökulsþjóðgarði*, október 2004.
- XVIII. *Spurt til gamans: Hvert er hugsanlegt núvirði Vatnajökulsþjóðgarðs?*
- IXX. *Hugmyndafræðilegar forsendur Vatnajökulsþjóðgarðs, stærsta þjóðgarðs Evrópu.*
- XX. *Síðasta skrefið á jarðriki ... undirbúningur fyrsta skrefs.*

Hafið samband:

Sverrir Sv. Sigurðarson, Keilugrandi 6, 107 Reykjavík.

Sími 552 0023, fax 552 5023, GSM 864 0023.

Tölvupóstur sverrir@sssig.com, vefur www.sssig.com.

Um forsiðuna:

Í lokaorðum rits VII, í febrúar 1995, stóð eftirfarandi: *Á forsiðu þessa bæklingis er mynd af hjóli, sem táknad getur hjól atvinnulífsins eða þjóðlífsins. Má lita svo á að hver geiri þessa hjóls sé táknrænn fyrir einn af hagsmunaaðilum. Það er „í miðju hjólsins“ sem jöfnust yfirsýn er yfir markmið og þarfir allra aðila. Í tilreiðslu og framsetningu þessara hugmynda reyndi undirritaður að halda sig þar, svo minnst hætta væri á að á einhverja væri hallað.*

Höfundarréttur 2004, Sverrir Sv. Sigurðarson, öll réttindi áskilin.

Afritun efnis er heimil, sé heimilda og höfundar getið.